

Rafrænn skólaráðsfundur í Ölduselsskóla

27. október 2020

Mættir: Elínros Benediksdóttir, Erla Erlendsdóttir, Guðmundur Kristinn Davíðsson, Heiðrún Ólöf Jónsdóttir, Ágústa Þorbergsdóttir, Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir og Rut Indriðadóttir, Sigurlaug Einarsdóttir, Ólafur Jóhann Borgþórsson

Fundur hófst kl. 08:30

Efni:

1) Nýir meðlimir skólaráðs:

Rut Indriðadóttir er varamaður fulltrúa kennara fyrir Völu Rún Björnsdóttur og Sigurlaug Einarsdóttir er varamaður fulltrúa starfsmanna fyrir Sólveigu Guðmundsdóttur og Ólafur Jóhann Borgþórsson er fulltrúi grenndarsamfélagsins.

2) Covid smit:

Sjö starfsmenn greindust jákvæðir af Covid 19. Beðið eftir niðurstöðum sýna frá ca. 20 kennurum og 400 nemenda. Margir óvissuþættir með skólahaldið næstu daga. Lagt til að skólastarf hefjist fimmtudaginn 29. október í ljósi aðstæðna. Skóla- og frístundasvið gaf sitt leyfi fyrir því að fella niður skólastarf miðvikudag 28. október. Skynsamlegt að fresta skólastarfi um einn dag þar til komnar eru niðurstöður frá sýnatökum. Frístundaheimilin verða opin 28. október milli kl. 13:40 – 17:00. Elínros mun senda bréf til foreldra þess efnis að skólahald falli niður þann 28. október.

Samróma samþykki nefndarfólks að fresta skólahaldi þar til 29. október eða um einn dag. Sendar leiðbeiningar til foreldra á íslensku, pólsku og ensku. Starfsfólk skólans hringdi í foreldra nemenda með annað móðurmál en íslensku. Unnið verður með mannauðssviði Reykjavíkurborgar að manna forföll í þessum flóknu aðstæðum.

3) Sóttvarnir:

Í Ölduselsskóla hefur verið gengið lengra í sóttvörnum en sóttvarnarlæknir lagði til. Foreldrum er heimilt að lengja sóttkví barna sinni ef viðkomandi fer ekki í sýnatöku. Reglugerð frá sóttvarnarlækni sem gildir til 3. nóvember felur í sér ýmsar veigamiklar breytingar. Íþróttir fara eingöngu fram úti, matsal lokað tímabundið, nemendur koma með morgunnesti að heiman og unglingar eru í heimastofum í frímínútum. Reynt verður að hafa skólastarf með sem eðlilegasta hætti en með takmörkunum þó.

4) Starfsáætlun Ölduselsskóla:

Starfsáætlun verður send á nefndarfólk og allir hvattir til að lesa hana yfir fyrir næsta skólaráðsfund.

Spurningar og athugasemdir

Hrós til stjórnenda um góða upplýsingagjöf og ábyrga afstöðu í tenglum við smit sem upp hafa komið.

Spurt hvort hægt væri að lengja tímann sem frístund sé opin. Því miður er það ekki mögulegt.

Fundi slitið 09:30.

Fundarritari: Erla Erlendsdóttir